

# **Reglur Sveitarfélagsins Ölfuss um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995**

## **1. gr.**

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs - og mannúðarssamtaka sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

## **2. gr.**

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) eru fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- b) reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi, sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara.
- c) starfsemin skal veramannúðar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannapágu eða í þágu æskulýðs.
- d) um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginsteftnu til að vera unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannahaill og samfélagið.
- e) starfsemin má ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá Sveitarfélaginu Ölfusi eða ígildi þeirra.
- e) starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

## **3. gr.**

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

**4. gr.**

Bæjarstjórn er heimilt að fela bæjarritara fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglum þessum. Heimilt er bæjarritara að vísa álitamálum til bæjarráðs.

Aðila er heimilt er að óska eftir endurupptöku málsskv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

**5. gr.**

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi á bæjarskrifstofum Ölfuss Hafnarbergi 1 Þorlákshöfn. Eyðublöðin má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins

[www.olfus.is](http://www.olfus.is)

Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 5. október. 2006.